

LAUSNIR FYRIR  
**NETVERSLANIR**



PÓSTURINN

# LAUSNIR FYRIR NETVERSLANIR

Pósturinn býður ýmsa þjónustu sem er sérsníðin að netverslunum. Við vitum að kaupendum finnst mikilvægt að hafa val um hvernig þeir fá vöruna afhenta.

## Póstbox á höfuðborgarsvæðinu

101 – Víðir, Sólvallagötu  
101 – 10-11, Barónsstíg  
104 – Olís, Álflheimum

109 – Nettó, Mjódd  
110 – Húsgagnahöllin, Bildshöfða

201 – Smáralind, aðalinngangur  
210 – Olís, Hafnarfjarðarvegi  
220 – Atlantsólía, Kaplakrika



# 83%

neytenda vilja sjá þá afhendingarmöguleika sem netverslun býður upp á áður en verslað er.

# 66%

neytenda vilja frekar versla við netverslun sem býður upp á fleiri en einn afhendingarmöguleika.



## Pakki Pósthús

Einföld og ódýr leið þar sem pakkinn er afhentur við framvísun tilkynningar og skilríkja. Þjónustan er í boði á öllum pósthúsum og afgreiðslustöðum Póstsins.



## Pakki Heim

Rannsóknir sýna að 80% viðskiptavina kjósa að fá sendingar heim að dyrum. Keyrt er út til einstaklinga síðari hluta dags en fyrri hluta dags til fyrirtækja. Sé enginn heima er hægt að nálgast pakkann á pósthúsi gegn framvísun tilkynningar.




## Pakki Póstbox

Póstbox eru opin allan sólarhringinn, alla daga ársins og eru því kjörin fyrir þá sem vilja sveigjanlegan afgreiðslutíma. Póstboxin eru átta talsins á höfuðborgarsvæðinu, hólfin eru í þremur mismunandi stærðum og pakkar geta verið allt að 20 kg.



## Smápakki

Það er ódýrt og þægilegt að fá litla pakka senda heim að dyrum með almennum pósti. Pakkinn má vera **2 kg að hámarki** og samarlögð lengd, breidd og hæð þarf að vera **minni en 90 cm**. Smápakki er borinn heim að dyrum en takist afhending ekki er hægt að sækja hann á næsta pósthús.



## Samanburður á sendingarleiðum



Smápakki



Póstbox



Pakki

Þyngdar og stærðarmörk	Já	Já	Nei
Afhendingarstaður	Heima	Póstbox	Heima/Pósthús
Rekja og finna	-	✓	✓
SMS tilkynning	-	✓	✓
Eingöngu afhent skráðum viðtakanda	-	-	Val
Brothætt	-	Val	Val
Heimsending	-	-	Val
Móttökukvittun	-	-	Val
Trygging	-	Innifalin	Innifalin
Aukatrygging	-	Val	Val
Viðtakandi greiðir	-	-	Val

Hér að ofan má sjá samanburð yfir möguleika í pakkþjónustu Póstsins. **Finndu þá leið sem hentar best.**

# SENDLAÞJÓNUSTA

---

Sé fyrirvarinn stuttur er sendlaþjónusta Póstsins frábær lausn. Sendill kemur vörinni hratt og örugglega til viðtakanda. Hægt er að senda allt að 30 kg pakka og sendingin er afhent innan 90 mínútna.

- Alla virka daga frá kl. 9–17
- Sending er sótt til sendanda
- Bæði er hægt að senda til einstaklinga og fyrirtækja



Pantaðu sendil í síma 580 1100,  
í Póststoð eða á [www.postur.is](http://www.postur.is)

# STUÐNINGSVÖRUR OG VIÐBÓTARÞJÓNUSTA

## Póststoð

Póststoð er hugbúnaður fyrir fyrirtæki sem senda reglulega pakka, ábyrgðarbréf eða póströfur innanlands. Hún einfaldar frágang og umsjón með sendingum, tryggir örugga sendingu og sparar tíma.

## Umbúðir

Umbúðir fyrir sendingar fást á öllum pósthúsum í miklu úrvali. Bæði er hægt að fá fóðruð umslög og umbúðakassa úr bylgjupappa. Einnig er hægt að panta umbúðir með einu símtali í síma 580 1100 og við komum þeim til þín.



Í Póststoð er ýmis viðbótarþjónusta í boði sem eykur öryggi og þægindi.



Stærð	Lengd	x	Breidd	x	Hæð
1	22,5 cm		14,5 cm		7 cm
2	27 cm		19 cm		10 cm
3	31 cm		22 cm		12 cm
4	39 cm		25 cm		14 cm
5	50 cm		30 cm		20 cm

## Tryggingar

Í Póststoð er einfalt að hækka tryggingafjárhæð sendingar ef verðmæti hennar er umfram innifalda tryggingu. Einnig er hægt að fá fulla tryggingu á sendingar upp að 10 milljónum gegn aukagjaldi.

## Afhent skráðum viðtakanda

Pakkar eru almennt afhentir hverjum þeim sem tekur á móti honum á viðtökustað. Hægt er að velja um að aðeins skráðum viðtakanda sé afhentur pakkinn og auka þannig öryggið.

## SMS tilkynning

Margir kunna vel að meta að fá SMS tilkynningu um að pakkinn sé á leiðinni, kominn á pósthúsið eða í Póstboxið. Farsímanúmer viðtakanda er gefið upp við skráningu á pakkanum.

## Kaupsamningur

Það er einfalt að velja „kaupsamningur“ í Póststoð og raðgreiðslusamningur í tvíriti er þá sendur með pakkanum. Frumritið með undirskrift er svo sent til baka til seljanda með öruggum hætti.

## Endursendingar

Í Póststoð geta netverslanir hakað við endursendingu og við það prentast út endursendingarmiði. Kaupandi getur þá nýtt sér hann til að senda pakkann frá næsta pósthúsi sér að kostnaðarlausu.

Rannsóknir hafa sýnt að það eykur sölu að bjóða fría endursendingu:

**66%** viðskiptavina skoða skilmála seljenda um vöruskil áður en gengið er frá kaupum

**68%** neytenda á Norðurlöndunum segja að ókeypis vöruskil eða vöruskipti séu lykilatriðið í jákvæðri upplifun

**67%** viðskiptavina finnst ókeypis endursendingar ýta undir að þeir versli á netinu

Heimildir:  
UPS pulse of the online shopper—a customer experience study, comScore 2013  
UPS pulse of the online shopper—Europe study, comScore 2014  
– Belgía, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Holland, Bretland.  
Bring the optimal customer journey – Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð  
Capacent könnun Póstsins 2014



FYRIRTÆKJALAUSNIR

Við þjónustum stór og smá fyrirtæki um allt land og þarfir viðskiptavinum okkar uppfyllum við með fjölbreyttum leiðum í flutningum og þjónustu. **Við spörum viðskiptavinum okkar sporin og höfum þægindin í fyrirrúmi.**



Hafðu samband í síma **5801090** eða í gegnum netfangið **sala@postur.is** fyrir frekari upplýsingar.



PÓSTURINN